



## Fundargerð

207. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 11. maí 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Karl Lauritzson

### Dagskrá:

1. Staða Skógarorku
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:05.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Staða Skógarorku

Farið yfir fundi sem framkvæmdastjóri og formaður HEF ehf. hafa átt með fulltrúum skógargeirans á Austurlandi. Niðurstaða þessarar vinnu er að ekki er í boði hráefni fyrir kyndistöðina hér á svæðinu og því stefnir í rekstrastöðvun Skógarorku í september 2016 vegna skorts á hráefni. Stefnt skal að boðun hluthafafundar sem fyrst og kynna líka viðskiptavinum stöðuna.

Ofangreind bókun samþykkt samhljóða.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Lagt fram bréf dags. 22.04.2016 frá HAUST til fyrirtækja á iðnaðarsvæðum á Egilsstöðum og Fellabæ varðandi varnir gegn mengun af völdum olíu.
- Lagt fram bréf dags. 3.5.2016 frá Helga Jenssyni fulltrúa hjá Sýslumanninum á Austurland þar sem tilkynnt er að rannsókn hafi verið hætt í lögreglumáli nr. 317-2015-200
- Lagt fram bréf frá HAUST dags. 6. maí 2016 varðar fráveitumál ofan vegar á Eiðum. Framkvæmdastjóri fór yfir erindið og lagði til að brugðist yrði jákvætt við erindinu. Stjórn er sammála.
- Kominn er verktaki, Ylur ehf. í miðbæjarlögnina sem átti hagstæðasta tilboð í verkið.
- Jónsmenn eru að klára lagnaverkefni í Lagarbraut.



- Búið er að leggja 90 mm vatnslögn að Gróðurhús II á Valgerðarstöðum.
- Búið að gera samningi við Austurverk ehf. í framkvæmdir við 60 m kafla í Lagarfelli.
- Auglýst var útboð í stofnlögn frá borholum að afleggjara Barra.
- Verið að fá mann úr Reykjavík til að setja andborunarloka og mun hann kenna starfsmanni veitunnar þessa aðferð.
- Framkvæmdastjóri fer í frí í lok júní í þrjár vikur.
- Starfsmannamál: Framkvæmdastjóra falið að búa til í haust starfslýsingu fyrir nýjan starfsmann út frá þörfum veitunnar.

### 3. Önnur mál

- a) Ylstrandarverkefni - hér mættu kl. 13:00 Hilmar Gunnlaugsson og Ívar Ingimarsson til að kynna/fara yfir stöðu verkefnisins og nýjar forsendur. Hilmar og Ívar yfirgáfu fundinn kl 13:25. Stjórn ræddi málið og er mjög jákvæð gagnvart verkefninu. Stjórn er sammála um að varpa umræðunni og ákvörðun um aðkomu til eiganda veitunnar.
- b) Næsti fundur 25. maí 2016, kl. 12:00.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:00.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.